

Liðspeglunaraðgerðir á ökkla

Ökklaspeglanir eru vanalega gerðar í svæfingu. Algengasta ástæða þessara aðgerða er vegna skemmda á brjóski, lausum bitum eða beinnöbbum sem valda verkjum og bólgu. Mæting í aðgerð er á **6. hæð í Urðarhvarfi 8**. Þú þarft að vera fastandi (**hvorki matur eða drykkur í 6 tíma fyrir aðgerð, það má fá sér 1 vatnsglas 2 tímum fyrir aðgerð**) og hafa farið í sturtu um morguninn. Áður en þú ferð inn á skurðstofu hittir þú skurðlækni þinn sem merkir viðeigandi aðgerðarstað. Einnig ræðir svæfingalæknir við þig.

Að lokinni aðgerð ferð þú um stund á uppvöknunarherbergi. Þegar þú hefur jafnað þig og ert farinn að nærast er ekkert því til fyrirstöðu að þú getir farið heim. Það má stíga í fótinn að vild ef ekki er tekið annað fram. Oftast þarf ekki að hafa hækjur. Þú keyrir ekki bíl sama dag.

Áður en þú ferð af læknastofunni ræðir læknir þinn við þig og gefur þér endurkomutíma sem er oftast 1-2 vikur eftir aðgerð. Oftast eru bólgueyðandi og almenn verkjalyf notuð í nokkra daga eftir aðgerð sem send eru rafrænt í apótek samdægurs. Ekki er æskilegt að taka þau ef óþægindi frá maga gera vart við sig.

Umbúðir: Taka umbúðir af eftir 3 daga, þá getur þú farið í sturtu. Muna að þurrka vel sárin og setja síðan hreinar umbúðir sem loftar um. Umbúðir þarf að hafa yfir meðan vætlar úr sárinu, en það er algengt vegna vökvans sem notaður er í aðgerðinni. Eftir 7 - 10 daga eru saumar oftast teknir ef saumar eru til staðar. Ef enn vætlar úr sárinu eftir um það bil viku þá þarftu að hafa samband við okkur.

Æskilegt er að byrja strax að styrkja vöðvana kringum ökkla eftir aðgerð. Það má byrja fljótlega að vinna, oftast innan við 7 til 10 daga ef starfið er ekki krefjandi.

Ekki taka nein blóðþynnandi lyf né heldur náttúrulyf 1 viku fyrir aðgerðina. Bólgueyðandi lyf, Íbúfen og skyld lyf má taka. Ef þú tekur blóðþrýstingslyf þá á að taka þau eins og önnur lyf um morguninn fyrir aðgerð með litlum sopa af vatni.

Ef eitthvað ber að höndum s.s. auknir verkir, blæðing eða hiti, þá getur þú haft samband við ritara í síma 5200140 eða ef mjög brátt þá undirritaðan í síma 7788543. Ef ekki næst í viðkomandi lækni þarf að leita til læknavaktar.

Örnólfur Valdimarsson MD, PhD.

Bæklunarskurðlæknir

Læknastöðin Orkuhúsinu

Urðarhvarf 8